

Fundargerð

Fimmtudaginn 2. júlí 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og starfsmaður nefndarinnar Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 357 samþykkt.

2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.

Gögn fyrir fund > 2020 > Fundur 25 júní nr. 358

Name	Modified
354 fundargerð 20 2 2020.docx	June 23
355 fundargerð 26 3 2020.docx	June 23
356 fundargerð 30 4 2020.docx	June 23
357 fundargerð 28 5 2020.docx	June 23
358 Dagskrá fundar EFS 25 6 2020.docx	July 2
Beiðni um framlag.pdf	June 23
Bréf Jöfnunarsjóðs.pdf	June 23
Skaftárhreppur - Samantekt um reistar og ...	June 23

3. Skaftárhreppur

Lagt fyrir bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til nefndarinnar dags. 23. júní sl., bréf Skaftárhrepps til Jöfnunarsjóðs dags. 16. júní sl. og fjárhagsleg úttekt KPMG vegna fjármála Skaftárhrepps dags. 12. júní sl. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ritaði nefndinni bréf þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um ósk Skaftárhrepps um framlag úr Jöfnunarsjóðnum vegna fjárhagslegrar úttektar. Fyrir liggur úttekt KPMG á fjárhag sveitarfélagsins og horfur á næstu mánuðum. Í ljósi fyrirliggjandi gagna er samþykkt að veita jákvæða umsögn til Jöfnunarsjóðs þar sem mælt er með styrk til Skaftárhrepps vegna kostnaðar við úttekt. ÞÓ og EB falið að rita bréf þessa efnis.

4. Starfshópur SRN – greining á stöðu fjármála sveitarfélaga

EB uppfærði um stöðu vinnu vegna starfshóps sem ráðherra stofnaði vegna stöðu fjármála allra sveitarfélaga. Vinnunni miðar ágætlega og niðurstöðu að vænta undir lok júlí mánaðar.

5. Ársreikningar 2019

Vegna áhrifa Covid á starfsemi sveitarfélaga, framlengdi ráðherra tímamörkum um einn mánuð vegna skila á ársreikningum, þ.e.a.s. til 20. júní. Búast má við að einhverjar tafir verði á skilum umfram þennan tímafrest sem hefur áhrif á yfirferð nefndarinnar á

ársreikningum 2019. Gert er ráð fyrir að yfirferð þeirra fari því fram eftir miðjan ágúst mánuð.

Fundi lauk kl. 11:20

Þórin O'la Hinn
Óddes Jónsson
Gunnar Gunnarsson
Leifur Bragason